

**BORGARRÁÐ 15. desember 2022: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um kaup á ráðgjöf frá Gartner group - MSS22120079**

Hægt er að sjá í opnu bókhaldi Reykjavíkurborgar á vefnum að Þjónustu- og nýsköpunarsvið og forveri þess Skrifstofa þjónustu og reksturs, hefur verið áskrifandi að erlendri ráðgjöf Gartner Group á Írlandi í heilan áratug. Fulltrúi Flokks fólksins vill fá að vita nákvæmlega hvað felst í þeim áskriftarsamning sem Þjónustu- og nýsköpunarsvið er nú enn og aftur að endurnýja við Gartner á Írlandi. Einnig vill fulltrúi Flokks fólksins fá að vita hvaða ávinning hafa borgarbúar notið af allri þessari erlendu ráðgjöf sviðsins og hverju hún hefur skilað í formi lausna eða annarra afurða sem ekki hefðu orðið til án ráðgjafar frá Gartner. Að lokum spyr fulltrúi Flokks fólksins, í ljósi aðhaldsaðgerða meirihlutans sem einna helst bitna á börnum og unglingum, af hverju er ekki tekin ákvörðun um að Þjónustu- og nýsköpunarsvið láti af þessum gengdarlausu ráðgjafar kaupum frá Gartner Group á Írlandi?